



Andri Árnason hrl.,  
Juris, Almenna lögstofan,  
Lágmúla 7,  
108 Reykjavík.

12. október 2010.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 5. október sl., fyrir hönd umbjóðanda yðar, Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, um þá ákvörðun meirihluta Alþingis, sbr. þingsályktun 28. september sl., að höfða mál gegn honum fyrir landsdómi.

Í bréfi yðar kemur fram sú skoðun að við afgreiðslu þingsályktunar samkvæmt 13. gr. laga um landsdóm, nr. 3/1963, hafi borið að kjósa saksóknara Alþingis „samstundis eða samtímis“ og þar sem það hafi ekki verið gert á nýafstöðnu löggjafarþingi, hafi málið fallið niður, sbr. 52. gr. þingskapa. Er þess farið á leit að kannað verði hvort líta beri svo á að umrætt „þingmál ... hafi fallið niður fyrst Alþingi kaus ekki saksóknara á sama þingi og málshöfðunin var samþykkt, en elia hvort það fái staðist að kosning saksóknara fari eigi fram samtímis ákvörðun um málshöfðun, heldur eigi sér fyrst stað á næsta löggjafarþingi eftir að ákvörðun um málssókn hefur verið tekin.“

Í málinu reynir á skýringu 13. gr. laga um landsdóm. Greinin er í þremur málslíðum. Í þeim fyrsta er tekið fram að ákvörðun um málshöfðun skuli „gerð með þingsályktun“. Samkvæmt 2. málslíð kys Alþingi „jafnframt ... mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara...“. Þá er í 3. málslíð, sem fól í sér nýmæli við setningu laganna, mælt fyrir um kosningu fimm manna þingmannanefndar til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar.

Fyrmæli 1. málslíðar 13. gr. laga um landsdóm eru skýr um það að ákvörðun um málshöfðun skal gerð með þingsályktun. Um flutning og afgreiðslu þingsályktunar um málshöfðun gegn umbjóðanda yðar áttu við ákvæði 44. og 52. gr. þingskapa. Var það þingmál afgreitt undir lok nýafstaðins löggjafarþings. Af ummælum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um landsdóm má ráða að við það hafi verið miðað að þegar tillaga um þingsályktun hafi verið afgreidd skuli Alþingi kjósa saksóknara til þess að fara með málið og þingmannanefnd honum til aðstoðar. Þannig verður ráðið af efnisskipan 13. gr. laga um landsdóm að um sé að ræða þrjá sjálfstæða liði frekar en eitt og sama þingmálið í merkingu III. kafla þingskapa. Verður þar annars vegar að greina á milli ákvörðunar um málshöfðun, sem er sérstakt þingmál, og hins vegar kosningar saksóknara og þingmannanefndar sem eru sjálfstæð atriði og ákveða verður sérstaklega. (Alþt. 1962, A-deild, bls. 9 og 18).

F O R S E T I A L Þ I N G I S



Af orðalagi 1. málsliðar 13. gr. verður enn fremur ráðið að kosning saksóknara skuli fara fram „jafnskjótt“ sem Alþingi hefur gert ályktun um málshöfðun. (Ólafur Jóhannesson, Stjórnskipun Íslands 1978, 2. útg., bls. 171). Slíkur áskilnaður er sjálfstætt atriði sem ekki verður séð að eigi að hafa áhrif á afgreiðslu umræddrar þingsályktunar. Í því máli, sem hér um ræðir, verða ákvæði þingskapa ekki skilin svo að þær tafir sem orðið hafa á kosningu saksóknara og þingmannanefndar eða að kosningin fari fram í upphafi yfirstandandi löggjafarþings, eigi að leiða til þess að málshöfðunarákvörðun Alþingis teljist fallin úr gildi, sbr. 52. gr. þingskapa.

Hvað viðkemur samanburði við orðalag 1. mgr. 13. gr. danskra laga um landsdóm (rigsretten) verður ekki séð að það sé að öllu leyti sambærilegt 1. málslið 13. gr. laga um landsdóm, en umrætt ákvæði dönsku laganna er svohljóðandi: „Beslutter folketinget at rejse tiltale mod en minister, vælger det samtidig en anklager“.

Þegar litið er til efnisskipanar 13. gr. laga um landsdóm, orðalag ákvæðisins og lögskýringargögn verður ekki annað séð en að meðferð Alþingis á málinu samræmist þingsköpum Alþingis.

Að öðru leyti ber að líta svo á að það sé í valdi landsdóms að úrskurða um þau atriði sem hér hafa verið nefnd.

FORSETI ALÞINGIS